

Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn mánudaginn 15. júní 2020 kl. 13 á Hótel Hamari, Borgarbyggð.

Formaður Kristinn Jónasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Björgu Ágústsdóttur sem fundarstjóra og Hrefnu B Jónsdóttur sem fundarritara.

Hrefnu falið að koma kjörbréfum til fundarstjóra auk þess að vinna að störfum kjörnefndar, ásamt Lindu Pálsdóttur, sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Kristinn Jónasson, formaður fór með skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf. Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Heildartekjur félagsins eru 155.821.982304 kr. Rekstrargjöld eru 103.356.599 kr. fjármunatekjur 7.487.544 kr. og tekjuskattur 11.994.086 kr. Hagnaður ársins 47.958.841 kr. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir grænu bókhaldi ársins 2019. Í framhaldi fór framkvæmdastjóri yfir grænt bókhald fyrirtækisins.

Nokkrar umræður urðu í framhaldi af skýrslu stjórnar og ársreiknings. Rætt var um stöðu úrgangsmála á svæðinu, minnkun lífræns úrgangs til urðunar og banni við urðun lífræns úrgangs árið 2023. Hvernig bregðast skuli við? Fyrirspurnum var beint til Kristins varðandi þessi mál. Komið var inn á samstarf samráðsnefndar SV-hornsins og stöðu úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega verði farið í vinnu við skoðun á því að koma upp sorpbrennslustöð á landsvísi en sú framkvæmd verði borin saman við útflutning á sorpi. Upp úr umræðunum stendur: Framtíðin. Kristinn benti sveitarstjórnarmönnum á að það væri sveitarfélögunum að taka ákvarðanir fyrir sína starfsemi. Finnbogí Leifsson bætti við að Sorpurðun Vesturlands hf hefði það aðalverkefni að reka urðunarstað í Fíflholtum. Fram kom að úrgangsmálin verði ekki leyst nema með brennslustöð fyrir allan úrgang og hanna þurfi stöðina fyrir allt landið ef vel á að vera.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að stjórnarlaun taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 58.528 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 29.264. 1/2 dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Engar

5. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að ekki verði greiddur út arður. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

Jakob Björgvin Jakobsson kom upp fyrir hönd kjörnefndar og lagði fram greinargerð um lögmati fundarins. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Finnbogi Leifsson
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Kristinn Jónasson
Sævar Jónsson
Unnur Þóra Sigurðardóttir

Dalabyggð
Borgarbyggð
Borgarbyggð
Akraneskaupstaður
Snæfellsbæ
Akraneskaupstaður
Grundarfjarðarbær

7. Kosning löggilts endurskoðanda.

Gerð tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins. Samþykkt.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Formaður þakkaði samstarfsfóki sínu í stjórn samstarf liðins árs. Sérstaklega þakkaði hann Ástu Kristínu Guðmundsdóttur, fráfarandi stjórnarmanni ánægjulegt samstarf en hún hverfur nú úr stjórninni. Einnig þakkaði hann starfsfólki fundarins og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 14:15.

HBJ

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 2020, flutt af Kristni Jónassyni, formanni stjórnar.

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.

Hér á eftir mun ég flytja skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2019.

Óhætt er að segja að starfsárið 2019 hafi verið viðburðarríkt og af mörgu að taka, mun ég fara betur yfir hér á eftir.

Núverandi starfsleyfi var gefið út 5. febrúar 2014 og gildir til ársins 2028. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi. Samkvæmt starfsleyfinu er urðunarstaðnum heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

Samtals voru urðuð 17.548 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2019. Einnig var tekið við 2.498 tonnum af kurluðu timbri sem notað er til yfirlags í urðunarreinum. Af því magni sem barst til urðunar komu 3.161 tonn frá Vestfjörðum og 2.184 tonn frá Suðurlandi samkvæmt tímabundnu samkomulagi um móttöku á allt að 2.500 tonnum af úrgangi þaðan. Frá Vesturlandi bárust því 12.203 tonn.

Notkun timburkurlans er sú sama og áður og berst yfirlagið að mestu frá höfuðborgarsvæðinu. Heildarmagn móttækis úrgangs og yfirlags samkvæmt framanskráðu var 20.046 tonn.

Í árslok 2019 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 21 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 223.827 tonn. Þar af hafa 94.285 tonn verið urðuð í rein 4,

sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag. Gera má ráð fyrir að urðunarrein 4 muni endast okkur í 4-5 ár enn.

Alls þurfti að grípa til lokunar urðunarstaðarins 25 sinnum á árinu 2019 vegna veðurs. Oft var um hluta úr degi að ræða en mjög hvasst getur orðið í Fíflholtum. Viðmiðunarreglu vegna vinds var breytt á árinu. Nú er staðnum lokað ef hámarksvindur fer yfir 18 m/sek, en fyrri viðmiðun var 20 m/sek.

Áframhald var á gróðursetningu í Fíflholtum en í ágúst voru settar niður 1.029 plöntur.

Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar 5. september 2019 vegna reglubundins eftirlits 26. júní kom fram eftirfarandi frávík frá starfsleyfi: Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn á urðunarstaðnum sem er umfram heimild í starfsleyfi. Heimild skv. starfsleyfi er 15.000 tonn á ári.

Núgildandi starfsleyfi urðunarstaðarins, sem gildir til 5. febrúar 2028, heimilar urðun á allt að 15.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Vegna aukningar á magni úrgangs sem berst til urðunar í Fíflholtum ákvað Sorpurðun Vesturlands hf. í lok ársins 2018 að óska eftir breytingu á starfsleyfinu, þannig að leyft verði að urða þar allt að 25.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Þetta var gert þar sem magn úrgangs sem borist hafði til urðunarstaðarins hafði farið vaxandi, m.a. vegna stækkunar á þjónustusvæði urðunarstaðarins til sveitarfélaga á Vestfjörðum í kjölfar þess að sorpbrennslustöð Funa á Ísafirði var lokað árið 2010.

Þá hefur á síðustu árum borið á því að fargað hafi verið óvenjumiklu magni úrgangs frá einstökum rekstraraðilum. Við þetta bættist síðan að í mars 2019 samdi Sorpurðun Vesturlands hf. við Sorpstöð Suðurlands bs. um að taka við allt að 2.500 tonnum af óflokkuðum úrgangi til urðunar frá aðildarsveitarfélögum sorpstöðvarinnar til ársloka 2019. Litið var á þetta samstarf sem neyðarráðstöfun í framhaldi af því að Sorpa hætti að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi í ársbyrjun 2019.

Vinna við mat á umhverfisáhrifum aukinnar urðunar í Fíflholtum hófst í ársbyrjun 2019 en matið var forsenda þess að hægt yrði að gefa út nýtt starfsleyfi þar sem gert væri ráð fyrir meiri urðun. Sótt var um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðherra til að urða meira en 15.000 tonn á árinu 2019. Undanþágubeiðninni var synjað þar sem mat á umhverfisáhrifum lægi ekki fyrir. Því var ákveðið að hraða matsvinnunni þannig að niðurstaða matsins lægi fyrir í tæka tíð til að unnt yrði að sækja um nýtt starfsleyfi á grundvelli matsins fyrir árslok 2019, en það hefði jafnframt þýtt að hægt hefði verið að endurnýja beiðni um undanþágu þar til starfsleyfi hefði verið gefið út.

Tillaga að matsáætlun vegna aukinnar urðunar var send til Skipulagsstofnunar með bréfi, dags. 15. apríl 2019. Ákvörðun stofnunarinnar lá hins vegar ekki fyrir fyrr en 8. ágúst 2019, þrátt fyrir að Skipulagsstofnun bæri að „taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga berst, að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra. Þar með var ljóst að ekki næðist að ljúka matsvinnunni fyrir árslok eins og að var stefnt. Þar með var einnig ljóst að ekki myndi takast að loka umræddu frávíki fyrir lok ársins 2019 nema ef einhverjar afgerandi og

Óvæntar breytingar myndu verða á magni úrgangs sem berst til urðunarstaðarins síðustu mánuði ársins.

Fyrirvaralaust eftirlit fór fram í Fíflholtum þann 23. maí 2019, eftir að fréttáflutningur hafði komið um fok frá urðunarstaðnum. Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu. Fyrsta frávíkið varðaði gr. 2.1 í starfsleyfi. Fram kom að Umhverfisstofnun hefðu borist ábendingar 20. og 22. maí um að talsvert af úrgangsefnum hefði fokið út fyrir urðunarstaðinn og að þetta hefði verið staðfest í eftirlitsferðinni. Þetta gæfi til kynna að ekki væri nægilega tryggt að meðhöndlun „valdi sem minnstum óþrifnaði“, eins og skylt er skv. umræddri grein. Þetta var réttmæt gagnrýni að mati Sorpurðunar Vesturlands hf. Mikið af léttum úrgangi fauk frá urðunarstaðnum í Fíflholtum í miklum hvasviðrum fyrstu mánuði ársins 2019. Nokkuð stöðug og stíf norðaustanátt var ríkjandi og þegar snjóá leysti sást hversu mikið hafði fokið frá urðunarsvæðinu.

Í framhaldi af eftirlitsheimsókninni var svæðið allt hreinsað vel og þannig bætt úr frávíkinu. Bætt var við starfsmanni yfir sumarmánuðina til að snyrta og fegra umhverfið í Fíflholtum.

Í fyrrgreindu fyrirvaralausú eftirliti 23. maí 2019 komu fram þrjú frávík eins og fyrr segir.

Annað frávíkið, þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skuli koma í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum með uppsetningu fullnægjandi fokvarna og jafnframt skuli taka tilliti til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun. Í framhaldi af þessu voru settar upp fokvarnargirðingar vestan við urðunarrein 4 sem taka þá við foki í austanátt, sem er ríkjandi vindátt á svæðinu. Starfsmenn hafa fengið fyrirmæli um að loka fyrr en verið hefur en miðað hafði verið við 20 m/sek. í hviðum. Ákveðið var að miða við 18 m/sek. til að byrja með og meta reynsluna af því innan þriggja mánaða. Hefur þetta reynst vel. Með þessum aðgerðum hefur verið bætt úr frávíkinu.

Þriðja frávíkið, þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skuli birgja úrgang með fullnægjandi þekjulagi og að óheimilt sé að nota þekjuefni sem sjálfst getur haft í för með sér fok eða ónæði

Árið 2019 er fyrsta heila árið sem gassöfnun er í gangi í Fíflholtum, en kyndill/metangasbrennari var gangsettur 26. nóvember 2018. Rekstur kyndilsins gekk vel þetta fyrsta ár.

Það dylst engum sem hefur fylgst með sorpmálum að mikið hefur gengið á síðustu tvö ár og ljóst að miklar breytingar eru framundan á meðhöndlun úrgangs á Íslandi

Við í stjórn Sorpurðunar Vesturlands höfum haft það að leiðarljósi að allar okkar ákvarðanir varðandi reksturinn séu teknar út frá umhverfissjónarmiðum og jafnframt fjárhagslegum. Þessi sjónarmið fara vel saman að mínu mati en þá þarf að beita skynsemi þegar sorpmálin eru skoðuð í samhengi hlutanna.

Urðun sem slík er ekkert slæm að mínu mati en urðun á öllu úrgangi sem til fellur er ekki góð og þar þurfum við að gera breytingar á. Það fyrsta sem við þurfum að hætta að urða er lífrænn úrgangur en frá honum kemur töluvert að metagasi sem við þurfum síðan að brenna

Svo það sé nú sagt þá liggur alveg ljóst fyrir að það er um 10% af öllu því sem fellur til þarf að fara í urðun og þá er miðað við allra bestu leiðir eins og jarðgerð og brennslu til að farga sorpi og því verður aldrei hægt að urða hluta af því sem fellur til

Allar okkar ákvarðanir í stjórn hafa miðað að því að við höldum áfram að urða í Fíflholtum næstu áratugina þó eins og sagt var hér fyrir með breyttu sniði.

Við erum búin að urða í 21 ár og það land sem við höfum notað undir urðun er ekki stórt þvert á það sem skilja má af umræðunni að mikið land fari undir urðun en það er misskilningur. Landið sem fer undir urðun má ef vilji er fyrir hendi fara undir skógrækt og þannig getur landið nýst til framtíðar. Landleysi er ekki vandamál hvað þetta varðar.

Það sem ruglar alla umræðuna um sorpurðun er regluverk Evrópusambandsins sem eðlilega lítur á sorp sem hráefni til orkugjafar og því lítur regluverkið út að sem mesta af sorpinu komi til brennslu og jarðgerðar, þ.e. það er ódýrasta leiðin. Þannig fá þeir orku til að hita og lýsa upp húsin, orku sem þeir eiga því miður ekki nóg af. Þetta verður síðan til þess að allt er gert í regluverkinu til að þessi eina leið sé farin óháð umhverfisþættinum eða kostnaði. Við hér á landi erum síðan með sama regluverk en gjörólíkar aðstæður hvað þetta varðar.

Það hefur verið okkar gæfa í rekstri Sorpurðunar að fjárhagsaðhald hefur alla tíð verið gætt enda eigum við töluvert af eigin fé. Þetta er þó skammgóður vermir því fjárfestingar sem við þurfum að ráðast í á næstu árum kalla á mikla fjármuni.

Á liðnu ári gætti nokkurrar óánægju hjá eigendum með þá ákvörðun stjórnar að hækka gjaldskrána um nokkur prósent sem þó er sú ein lægsta á landinu og gera má ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga 'ca. 2-4 lægri en t.d. sveitarfélaga fyrir sunnan okkur.

Við þurfum að hafa þor til að horfa á heildarmyndina og hækka gjaldskrána hóflega þó þannig að ekki komi til mikillar skuldásöfnunar hjá fyrirtækinu .

Eitt af stóru verkefnum er að undirbúa gerð nýrra urðunarreinar, kaup á nýjum troðara og skoða brennslu fyrir dýrahæ, svo eitthvað sé talið upp. Fjárfestingar næstu 3 ára munum því hlaupa á hundruðum milljóna.

Einnig þurfum við að finna leið til að taka allt lífrænt sorp úr urðunin hjá okkur. Þar eru nokkrar leiðir, við gætum sett um vinnslu í Fíflholtum en það er dýr laus en gerleg og ef til vill eina skynsemin eins og staðan er í dag, við gætum gert samning við Sorpu að taka við lífræna sorpinu frá okkur og við tækjum annað í staðinn frá þeim og svo gætu sveitafélögin sjálf fundið leið sjálf til að vinna lífrænan úrgang. Á þessu þurfum við að finna lausn og taka ákvörðun á þessu ári.

Samstaf sorpsamlagana á Suðvestur horninu hefur verið töluvert og m.a. höfum við unnið sameiginlega Svæðisáætlun sem okkur er skylt að gera. Við höfum einnig undirritað viljayfirlýsingu um enn frekara samstarf þar sem við hugsanlega myndum miðla sorpi á milli okkar eftir því sem hentaði hverju sinni.

Nýjasta samþykktin okkar er varðar samstarf er að kanna fýsileika þess að reisa brennslustöð til að brenna hluta af sorpinu sem fellur til. Ljóst er eins og áður hefur komið fram í ræðu minni að erfiðlega hefur gengið að finna urðunarstað fyrir sorp sem fellur til af höfðaborgarsvæðinu og suðurlandi og því eina af lausnunum að kanna hvort

skynsamlegt sé að brenna hluta af sorpinu hérlendis. Okkur finnst skynsamlegt að vera með og útiloka ekkert að svo stöddu.

Hinn kosturinn er að flytja sorpið út en það er mjög dýrt og að mínu mati ekki skynsamlegt að stóla á að alltaf verði hægt að flytja sorp út og t.d. gætu sóttvarnarmál komið þar við sögu. Þó má ekki gleyma því að sorp er hráefni fyrir sorpbrennslur sem eru að framleiða rafmagn og hita og hefur verið töluverð eftirspurn eftir sorpi þessa mánuðina enda hefur það sem fellur til frá fólki í Evrópu minnkað mikið í Covid-ástandinu. En gleymum því ekki að kostnaður við það að koma þessu til brennslu og brennslan sjálf er mjög dýr eða um 50-60 kr. Á kíló og sá kostnaður lendir allur á borgurum þessa lands.

Eins og þið heyrði hér í ræðu minni þá eru sorpmálin á Íslandi mjög í lausu lofti þessi misserin og afar mikilvægt fyrir okkur hjá Sorpurðun Vesturlands að horfa til framtíðar og finna bestu lausnir sem henta fyrir okkar svæði hvort sem við gerum það ein eða í samstarfi. Því er afar mikilvægt fyrir nýja stjórn að fá skýr skilaboð frá eigendum sýnum um það hvert þeir vilji að við förum í þessum málaflokki því ferlið allt tekur mjög langan tíma og erum við að tala um ár en ekki mánuði. Gæfa okkar er þó sú að hafa þennan góða urðunarstað, með honum getum við leyst okkar mál þó að það verði breyting á því hvað verður urðað þar til framtíðar.

Ræða mín er orðin löng en á þessum tímamarki er ekki annað hægt en að reyna að upplýsa eigendur sem best um þá stöðu sem við erum í dag. Við höfum hingað til verði lánsöm með reksturinn í Fíflholtum og við þurfum áfram að taka skynsamlegar ákvarðanir varðandi afsetningu sorps á Vesturlandi.

Eins og margir vita þá var ég búinn að gefa það út að ég myndi ekki gefa kost á því að sitja áfram í stjórn. Ástæður þess eru margar en ein sú helsta er sú að mikill tími fer í því að formaður þessarar stjórnar.. Jafnframt er ég búinn að sitja í stjórn síðan 1999 og formaður frá 2011 og fannst mér tími til komin að gefa öðrum sviði. Ég lét vita af þessu í tíma til að hægt væri að undirbúa hvernig best málum væri háttað varðandi stjórnina enda finnst mér eðlilegt að menn fái tíma til þess þar sem málið skiptir sveitarfélögin miklu máli. Það kom því mér mjög á óvart hversu dræmt menn tóku í þessa ákvörðun mína að hætta í stjórn og hef ég bæði fengið heimsóknir og símtöl og áskorun frá núverandi stjórn að vera áfram. Mér þykir vænt um þetta traust og í ljósi alls þess þá hef ég ákveðið að gefa kost á mér áfram til áframhaldandi stjórnarsetu..

Með þessum orðum læt ég skýrslu stjórnar lokið.